Fundargerð

1252. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
16. janúar 2020, kl. 08:00

Viðstaddir:

**Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Þórarinsson, Díana Hilmarsdóttir, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.** Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri

* * *

**1. Kaupsamningur um fasteignir (2020010099)**

Regína Fanný Guðmundsdóttir, fjármálastjóri og Unnar Steinn Bjarndal, bæjarlögmaður mættu á fundinn og gerðu grein fyrir málinu. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti samningsdrögin og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.

**2. Húsnæðismál Tjarnargötu 12 (2019050839)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs og Gunnar K. Ottósson, skipulagsfulltrúi mættu á fundinn og kynntu fyrirliggjandi hugmyndir.

**3. 3. mál úr fundargerð Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 18. desember 2019 (2020010054)**

Formaður kynnti stöðu mála. Áfram verður unnið í málinu.

**4. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar SB Import ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II að Vesturbraut 10a (2019120121)**

Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir erindið.

Bæjarráð samþykkir að taka inn eftirfarandi mál á dagskrá:

**5. Jafnlaunavottun (2019120131)**

Reykjanesbær hefur móttekið bréf frá Jafnréttisstofu um að sveitarfélagið hafi hlotið jafnlaunavottun. Bæjaráð fagnar niðurstöðunni og leggur áherslu á að áfram sé unnið samkvæmt þeim metnaðarfullu áætlunum sem lagðar hafa verið fram í jafnréttismálum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15

Guðbr. Einarsson
Díana Hilmarsdóttir
M. Sanders
Gunnar Þórarinsson